

Borgarráð 13. júlí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um frágang vegna framkvæmda í Hlíðahverfi MSS23070056

Ábendingar hafa borist um að frágangur hafi enn ekki farið fram á skurðum á gangstéttum, sem grafnir voru á síðasta ári vegna lagningar ljósleiðara í Hlíðahverfi, t.d. í Mávahlíð og Blönduhlíð. Slíkt er óviðunandi, ekki síst fyrir blinda og sjónskerta vegfarendur, sem ganga oft um áðurnefndar götur. Lagt er til að lokafrágangur vegna umræddra framkvæmda fari fram sem fyrst.